

## AUGLÝSING

### um umferð á Fljótsdalshéraði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs hefur verið ákveðið að setja eftirfarandi reglur um umferð á Fljótsdalshéraði:

#### I. Biðskylda og stöðvunarskylda.

*Fagradalsbraut* nýtur forgangs gagnvart hliðargötum og skal umferð frá þeim víkja fyrir umferð um hana með biðskyldu. Umferð um Fagradalsbraut skal þó víkja fyrir umferð á Hringvegi (1) með biðskyldu.

*Tjarnarbraut* nýtur forgangs gagnvart hliðargötum og skal umferð frá þeim víkja fyrir umferð um hana með biðskyldu. Umferð um Tjarnarbraut skal þó víkja fyrir umferð um Fagradalsbraut með biðskyldu.

*Skógarlönd* njóta forgangs gagnvart hliðargötum og skal umferð frá þeim víkja fyrir umferð um Skógarlönd með biðskyldu. Umferð um Skógarlönd skal þó víkja fyrir umferð um Tjarnarbraut og Seyðisfjarðarveg með biðskyldu.

*Árskógar* njóta forgangs gagnvart hliðargötum. Umferð um Árskóga skal þó víkja fyrir umferð um Skógarlönd með biðskyldu.

*Selbrekka* nýtur forgangs gagnvart hliðargötum og skal umferð frá þeim víkja fyrir umferð um hana með biðskyldu. Umferð um Selbrekku skal þó víkja fyrir umferð um Seyðisfjarðarveg með biðskyldu.

*Útgarður* nýtur forgangs gagnvart hliðargötu og skal umferð frá henni víkja fyrir umferð um Útgarð með biðskyldu.

*Norðurtún* nýtur forgangs gagnvart hliðargötu og skal umferð frá henni víkja fyrir umferð um Norðurtún með biðskyldu.

*Selás* nýtur forgangs gagnvart hliðargötum og skal umferð frá þeim víkja fyrir umferð um hana með biðskyldu. Umferð um Selás skal þó víkja fyrir umferð á Fagradalsbraut og Tjarnarbraut með biðskyldu.

*Kaupvangur* nýtur forgangs gagnvart hliðargötum og skal umferð frá þeim víkja fyrir umferð um hana með biðskyldu. Umferð um Kaupvang skal þó víkja fyrir umferð á Hringvegi (1) og Fagradalsbraut með biðskyldu.

*Hamragerði* nýtur forgangs gagnvart hliðargötum og skal umferð frá þeim víkja fyrir umferð um hana með biðskyldu. Umferð um Hamragerði skal þó víkja fyrir umferð á Kaupvangi með biðskyldu.

*Lagarás* nýtur forgangs gagnvart hliðargötum og skal umferð frá þeim víkja fyrir umferð um hana með biðskyldu. Umferð um Lagarás skal þó víkja fyrir umferð um Fagradalsbraut og Selás með biðskyldu og Miðvang með biðskyldu við Lagarás 10.

*Blómvangur* nýtur forgangs gagnvart hliðargötum og skal umferð frá þeim víkja fyrir umferð um hana með biðskyldu. Umferð um Blómvang skal þó víkja fyrir umferð á Hringvegi (1) með biðskyldu.

*Miðvangur* nýtur forgangs gagnvart hliðargötum og skal umferð frá þeim víkja fyrir umferð um hana með biðskyldu, þó skal umferð um Miðvang til norðurs frá Fagradalsbraut víkja fyrir umferð um Miðvang til austurs frá Hringvegi (1). Umferð um Miðvang skal þó víkja fyrir umferð á Hringvegi (1) og Fagradalsbraut með biðskyldu.

*Árhvammur* nýtur forgangs gagnvart hliðargötum og skal umferð frá þeim víkja fyrir umferð um hana með biðskyldu. Umferð um Árhvamm skal þó víkja fyrir umferð um Seyðisfjarðarveg og Árskóga með biðskyldu.

*Tjarnarás* nýtur forgangs gagnvart hliðargötum og skal umferð frá þeim víkja fyrir umferð um hana með biðskyldu. Umferð um Tjarnarás skal þó víkja fyrir umferð um Fagradalsbraut með biðskyldu.

*Miðás* nýtur forgangs gagnvart hliðargötum og skal umferð frá þeim víkja fyrir umferð um hana með biðskyldu. Umferð um Miðás skal þó víkja fyrir umferð um Fagradalsbraut með biðskyldu.

*Lagarfell* nýtur forgangs gagnvart hliðargötum og skal umferð frá þeim víkja fyrir umferð um hana með biðskyldu. Umferð um Lagarfell skal þó víkja fyrir umferð á Hringvegi (1) með stöðvunarskyldu.

*Lagarbraut og Helgafell* skulu víkja fyrir umferð á Hringvegi (1) með stöðvunarskyldu.

*Einhleypingur* nýtur forgangs gagnvart hliðargötum og skal umferð frá þeim víkja fyrir umferð um hana með biðskyldu. Umferð um Einhleyping skal þó víkja fyrir umferð á Hringvegi (1) og um Lagarfell með biðskyldu.

Umferð um *Fénaðarklöpp* víki fyrir umferð um Kaupvang og Tjarnarás með biðskyldu, en stöðvunarskyldu við Hringveg (1).

Umferð um *Furuveli* víki fyrir umferð um Sólbrekku með biðskyldu.

Á *Hléskógum* er biðskylda til austurs við hús nr. 15 og til vesturs við hús nr. 12.

Umferð um *Flugvallarveg* víki fyrir umferð um Hringveg (1) með biðskyldu.

Umferð um *Lagarfell*, til suðurs frá Reynihvammi, víki fyrir umferð úr Fjóluhvammi með biðskyldu.

*Upphéraðsvegur í Fellabæ*, nýtur forgangs gagnvart hliðargötum og skal umferð frá þeim víkja fyrir umferð um hana með biðskyldu. Umferð um Upphéraðsveg skal þó víkja fyrir umferð um Hringveg (1) með stöðvunarskyldu.

Umferð um *Fjósakamb* og ónefnda götu að skólunum á Hallormsstað víki fyrir umferð um Upphéraðsveg með biðskyldu.

Umferð um *Eiðavelli*, heim að Barnaskólanum á Eiðum, víki fyrir umferð um Borgarfjarðarveg með biðskyldu.

Umferð um ónefnda götu heim að Eiðastað víki fyrir umferð um Borgarfjarðarveg með biðskyldu.

Að öðru leyti gilda þær merkingar bið- og stöðvunarskyldu utan þéttbýlis á Fljótsdalshéraði sem Vegagerðin hefur sett upp.

## II. Bifreiðastöður.

Í íbúðahverfum er óheimilt að leggja vinnuvélum og bifreiðum sem eru meira en 4,0 tonn að eigin þyngd, eða með meiri heildarlengd en 6,5 metrar.

Óheimilt er að leggja eftirvögnum á götum og í almenningstæðum í íbúðarhverfum.

Óheimilt er að leggja óskráðum eða óökufærum bifreiðum, vinnuvélum eða öðrum ökutækjum á almenningsbílataði, við götubrún eða annarsstaðar á almannafæri innan þéttbýlis.

- a. Bannað er að leggja ökutæki í Skógarlöndum og á Fagradalsbraut.
- b. Bannað er að leggja ökutækjum á vesturbrún Laufáss.
- c. Bannað er að leggja ökutækjum á vesturbrún Tjarnarbrautar.
- d. Bannað er að leggja ökutækjum á vesturbrún Seláss.
- e. Bannað er að leggja ökutækjum á vesturbrún Lagaráss frá nyrðri innkeyrslu inn á plan HSA, Lagarási 17-19 að gatnamótum Lagaráss og Miðvangs.
- f. Bannað er að leggja ökutækjum á hægribrún Bláskóga, í akstursstefnu.
- g. Bannað er að leggja ökutækjum á götubrún heimreiðarinnar að Menntaskólanum á Egilsstöðum.
- h. Bannað er að leggja ökutæki á Hringvegi (1), í Fellabæ, frá Lagarfljótsbrú norður að vegamótum við Smiðjusei.
- i. Bannað er að leggja ökutæki við Upphéraðsveg frá vegamótum við Hringveg (1) og suður að heimkeyrslu að bænum Skipalæk í Fellum.
- j. Bannað er að leggja ökutækjum við Seyðisfjarðarveg frá Fagradalsbraut að Eyvindarárbrú.
- k. Bannað er að leggja ökutækjum vestan við sunnanverð bílastæði Tjarnarbrautar nr. 26.

## III. Ökuhraði og þéttbýlismörk.

Í þéttbýli á Fljótsdalshéraði er ökuhraði að jafnaði 50 km/klst. Er þá miðað við neðangreind þéttbýlismörk:

*Egilsstaðir:*

- a. Seyðisfjarðarvegur, 200 m norðan við Eyvindarárbrú.
- b. Norðfjarðarvegur, við Selöxl, 300 m austan við vegamót við Seyðisfjarðarveg.
- c. Hringvegur (1), 200 m norðan við Dagsverk.
- d. Hringvegur (1), 300 m norðan við tengingu við Blómvang.

*Fellabær:*

- a. Hringvegur (1), 100 m austan Lagarfljótsbrúar.
- b. Upphéraðsvegur, 50 m norðan við heimkeyrslu að Skipalæk.
- c. Hringvegur (1), 100 m norðan við tengingu að Iðjuseli.

*Hallormsstaður:*

- a. Upphéraðsvegur, við vegamót að Atlavík.
- b. Upphéraðsvegur, 300 m norðan við vegamót að Hallormsstaðarskóla.

*Eiðar:*

- a. Borgarfjarðarvegur, 300 m sunnan við vegamót að Eiðastað.
- b. Borgarfjarðarvegur, 300 m norðan við vegamót að Ormsstöðum og Gilsárteigi.

Í eftirfarandi götum gildir hámarkshraði 30 km/klst.:

- a. Brávöllum, Reynivöllum, Furuvöllum, Sólbrekku, Laugavöllum, Sólvöllum og Tjarnarlöndum.
- b. Ártröð, Mánatröð, Álfatröð, Faxatröð, Stekkjartröð, Koltröð, Dalskógum, Bláskógum, Hléskógum, Ranavaði, Árhvammi (þvergötu) og Einbúabla.
- c. Laufskógum og Dynskógum.
- d. Kelduskógum, Litluskógum og Þverklettum.
- e. Bjarkarhlíð, Hjarðarhlíð, Hamrahlíð og Steinhlíð.
- f. Hörgsási, Laufási, Selási, Skjólbrekku, og Lagarási, norðan gatnamóta við Miðvang.
- g. Skógarseli, Hjallaseli, Brekkuseli, Bjarkarseli, Flataseli, Dalseli, Klettaseli og Egilsseli.
- h. Bláargerði og Hömrum (Hamrar).
- i. Útgarði og Miðgarði.
- j. Ullartanga, Heimatúni, Sunnufelli og Kaптúni.
- k. Hamrafelli, Lágafelli, Miðfelli og Háafelli.
- l. Reynihvammi, Fjóluhvammi, Fífuhvammi og Smárahvammi.
- m. Ásbrún, Brekkubrún, Dalbrún og Skólabrún.
- n. Iðjuseli, Smiðjuseli og ónefndri götu að grunnskólanum í Fellum.
- o. Grundartúni, Aspargrund og Bjarkargrund.
- p. Lagarbraut og Helgafelli.
- q. Eiðavöllum, Valnaholti og ónefndri götu að Garði á Eiðum, Fjósakambi, Réttarkambi og ónefndri götu að Hallormstaðarskóla.

**IV. Takmörkun á akstri.**

- a. Vinstri beygja af Fagradalsbraut inn að söluskála Skeljungs hf. er bönnuð.
- b. Einstefna er til norðurs á tengibraut frá Fagradalsbraut að söluskála Skeljungs hf.
- c. Einstefna er um Bláskóga til suðurs að suður lóðarmörkum Bláskóga 5 og 6.
- d. Ökutækjum, lengri en 6 m, er bönnuð umferð um bifreiðastæði við hús nr. 9 og 11 við Fagradalsbraut (Fagratorg). Þó er gerð undantekning vegna póstflutninga.

**V. Almenningsbílastæði.**

Almenningsbílastæði eru ætluð hópbifreiðum, vörubifreiðum og öðrum ökutækjum eftir atvikum. Almenningsbílastæði eru ekki ætluð til geymslu ökutækja eða ökutækjahluta til lengri tíma.

Húsbílum skal lagt á þar til gerðum þjónustusvæðum í þéttbýli þegar gist er í þeim. Salerni húsbíla og hópbíla má hvergi tæma nema á þar til ætluðum tæmingarsvæðum.

Við gildistöku ákvæða auglýsingar þessarar falla úr gildi öll eldri ákvæði um umferð á Fljótsdalshéraði.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Lögreglustjórinn á Austurlandi, 30. janúar 2017.*

**Helgi Jensson** fulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 13. febrúar 2017